FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Tilveran með áherslu á lýðræði og stjórnarfar
Námsgrein:	Tilveran
Viðfangsefni:	Lýðræði og stjórnarfar
Skammstöfun:	TILV1LS02
Þrep:	1
Einingafjöldi:	2
Lýsing:	Áfanginn fjallar um mannréttindi, stjórnarfar og lýðræði. Nemendur kynnast því hvaða réttindi og skyldur fylgja því að búa í lýðræðissamfélagi. Viðfangsefni áfangans eru borgaraleg réttindi, völd og áhrif einstaklinga auk þess sem samanburður er á milli stjórnarfars á Íslandi og annarra ríkja.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • hugtökunum tengdum lýðræði • mikilvægi sjálfstæðis og sjálfsábyrgðar í lýðræðissamfélagi • að allir hafa hæfileika og þroskamöguleika • að í lýðræðisríki þurfa borgarar að búa við mannréttindi og komast að samkomulagi • eigin tilfinningum og skoðunum • fjölbreytileika
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • beita gagnrýninni hugsun • virða skoðanir annarra • taka þátt í umræðum • láta skoðanir sínar í ljós
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • skilja þá hugsun sem felst í hugtökunum tengdum lýðræði • spyrja spurninga og hlusta á sjónarmið annarra af víðsýni • átta sig á tengingu á milli réttinda og skyldna • taka þátt í lýðræðissamfélagi á virkan og ábyrgan hátt
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.